

Fimmtudaginn 23. maí 1991.

Nr. 215/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Stefáni Tyrfingssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 67. gr. 1. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 18. þ.m., sem barst Hæstarétti 21. þ.m.

Greinargerð hefur borist frá varnaraðila. Af hans hálfu er þess krafist, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð auk þeirra gagna, sem lágu fyrir héraðsdómara, endurrit yfirheyrslna rannsóknarlögreglu frá 18. þ.m. Þar segir frá því, að nafngreindur maður telur sig hafa staðið að umfangsmiklum innflutningi á hassi ásamt varnaraðila.

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 18. maí 1991.

Ár 1991, laugardaginn 18. maí, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, og þá af Ásgeiri Friðjónssyni upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Lögreglan í Reykjavík rannsakaði um nokkurra mánaða skeið sl. haust ætlað stórfellt fíkniefnamisferli X og Stefáns Tyrfingssonar, kt. 070645-2709, auk fleiri aðila.

— — —

Stefán Tyrfingsson hefur með öllu neitað að hafa lagt fram fé til fíkniefnakaupa ytra né stuðlað að með nokkrum öðrum hætti, enda ekkert um slíkar ráðagerðir X né annarra vitað.

Lögregluþingvöld í Reykjavík hafa vegna ofanritaðs og með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 65, 1974, gert kröfu til, að Stefán Tyrfingsson verði í þágu rannsóknarhagsmuna úrskurðaður í gæsluvarðhald og allt að kl. 15.00 miðvikudag 19. næsta mánaðar.

Réttargæslumaður Stefáns hefur mótmælt, að krafa lögregluþingvalda nái fram að ganga, en til vara krafist, að gæsluvarðhaldstími verði verulega styttr frá nefndri kröfugerð.

Réttargæslumaður heldur fram, að skjólstæðingur hans hafi í hvívetna og greiðlega svarað öllum spurningum til þessa bæði hjá lögreglu og hér fyrir dómi, en enginn þess utan við yfirheyrslur borið Stefán Tyrfingsson sökum.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð stórfelld brot gegn lögum nr. 65, 1974, og reglugerð nr. 16, 1986.

Samkvæmt ofanskráðu liggur fyrir játning X í því sambandi.

Víst verður að telja, að hver, sem sannur telst að þátttöku eða hlut að svo stórfelldu broti sem hér er til rannsóknar, hafi unnið til fangelsisrefsingar.

Þegar virtur er í heild með vísan til ofanritaðs kunningsskapur og samskipti X og Stefáns Tyrfingssonar fyrir, í og eftir ofangreinda utanför, verður ekki talið, að 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 girði fyrir, að þeim síðarnefnda verði í þágu brýnna rannsóknarhagsmuna gert að sæta gæsluvarðhaldi.

Þykir með vísan til þess auk annars ofanritaðs eiga að verða við fram komnum kröfum lögregluþingvalda í Reykjavík.

Ekki þykja nægar ástæður til að stytta gæsluvarðhald til samræmis við varakröfu réttargæslumanns, enda líklegt, að rannsókn máls þessa sé enn á frumstigi, en kunni að reynast umfangsmikil og tímafrek.

Samkvæmt því ákvarðast, að Stefán Tyrfingsson, kt. 070645-2709, til heimilis að Hæðarseli 15, Reykjavík, skuli sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 16.05 að telja 17.5. 1991 og allt að kl. 15.00 miðvikudag 19. júní 1991.

Úrskurðarorð:

Stefán Tyrfingsson, kt. 070645-2709, til heimilis að Hæðarseli 15, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 16.05 að telja 17.5. 1991 og allt að kl. 15.00 miðvikudag 19. júní 1991.